

Landvarsla 2016. Landvarðanámskeið.

Umhverfisstofnun og Vatnajökulsþjóðgarður munu auglýsa sumarstörf laus til umsóknar í byrjun febrúar. Hæfniskröfur til landvörslustarfa eru landvarðanámskeið, sem haldið verður á vegum Umhverfisstofnunar 11. febrúar - 6. mars. Kennt er um helgar og á kvöldin á virkum dögum. Stór hluti námskeiðsins verður kenndur í fjarkennslu, en skyldumæting er í Skaftafellsferð og eina helgi í Reykjavík.

Umsóknarfrestur er til og með 30. janúar, skilyrði er að umsækjendur séu fæddir 1996 eða fyrr.

Námskeiðið spannar tæpar 100 klst og megin umfjöllunarefni er:

- Landverðir, helstu störf
- Náttúruvernd og stjórnsýsla náttúruverndarmála
- Verðmæti friðlýstra svæða, náttúra, menning og saga
- Gestir friðlýstra svæða
- Mannleg samskipti
- Náttúrutúlkun, fræðsla á friðlýstum svæðum, bóklegt og verklegar æfingar
- Náttúruvernd, verkfærin okkar
- Vinnustaður landvarða
- Öryggisfræðsla

Dagskrá námskeiðsins og frekari upplýsingar má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar www.umhverfisstofnun.is. Upplýsingar um sumarstörf í Vatnajökulsþjóðgarði eru á heimasíðu þjóðgarðsins, www.vjp.is.



UMHVERFISSTOFNUN



Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

4. tbl. 8. árg. miðvikudaginn 27. jan. 2016

Afmælisbörn dagana 28. jan. — 3. feb. 2016

28. Brynhildur María Hjartardóttir, Vilborg Friðjónsdóttir.
29. Daniel Ingi Halldórsson, Margrét Halla Lúðvíksdóttir, Ólöf Þuríður Gunnarsdóttir.
31. Ragnheiður Jóna Grétarsdóttir.
2. Eygló Karlsdóttir, Jón Brynjar Gústafsson.
3. Lára Ingvarsdóttir.



Til sölu



Isuzu D-max árgerð 2007

3,0 diesel, sjálfskiftur, ekinn 196xxx.

Með Webasto olíumiðstöð. Með pallhýsi.

Auka bakkljós/vinnuljós.

Nánast ný Toyo vetrardekk negld, sumardekk á felgum.

Ásett verð 2,3 milljónir.

Upplýsingar í síma 862 4163 Lárus.

Góðir sveitungar,

munið bókaspjall Menningarfélagsins Gjallanda.
Hittumst í Skjólbrekku, fimmtudaginn 28. janúar kl. 20:00.

Rædd verður bókinn
Morðið í Austurlandahraðlestinni
eftir Agóthu Christie.



Fikkahátíð.

Tónskáldið, söngkennarinn og organistinn
Friðrik Jónsson frá Halldórsstöðum í Reykjadal
hefði orðið hundrað ára í september síðast liðnum.

Af því tilefni verða haldnir heiðurstónleikar
þar sem flutt verða valin lög tónskáldsins
og að þeim loknum verður harmonikkuball.

Hátíðin verður haldin 5. mars að Ýdölum í Aðaldal
og hefst kl. 20:00, húsið opnar kl. 19:30.

Miðapantanir þurfa að berast fyrir 25. febrúar til
Puru í Baldursheimi í síma 847 4666
baldursheimur@gmail.com eða
Guðrúnar í Svartárkoti í síma 895 4742
kidagil@thingeyjarsveit.is

Allir hjartanlega velkomnir
Kirkjukórarnir í Suður Þingeyjarsýslu,
Karlakórinn Hreimur og Sálubót.



Jarðböðin

þjóða upp á kótelettur í hádeginu
frá kl. 12:00 - 14:00 alla fimmtudaga í vetur.
Verð 1.500 kr. fyrir manninn.

Ekki er nauðsynlegt að panta en gott væri að fá að vita
daginn áður ef einhver ætlar að koma.

Hlökkum til að sjá sem flesta heimamenn og aðra.

Starfsfólk Jarðbaðanna.



Jarðböðin - skrifstofustarf.

*Jarðböðin við Mývatn óska eftir að ráða starfsmann
til almennra skrifstofustarfa.*

*Starfið felur meðal annars í sér reikningagerð, uppgjör,
símavörslu og annað sem til fellur.
Nauðsynlegt er að viðkomandi sé talnaglöggur, nákvæmur
og hafi gott vald á ensku, exel, word ofl.
Hæfni í mannlegum samskiptum og lipurð í starfi er nauðsyn.
Reynsla af bókhaldi, samskiptum við ferðaskrifstofur
og fyrirtækjarekstri er klárlega kostur*

*Fyrirspurnir og umsóknir skal senda til framkvæmdastjóra Jarðbaðanna
á netfangið Friduson@jarbodin.is fyrir 19. febrúar.*

*Jarðböðin voru stofnuð árið 2004. Fyrirtækið er einn af stærstu atvinnurekendum
í Mývatnssveit og hjá því munu á næsta sumri starfa hátt í 30 manns.
Jarðböðin reka samnefndan baðstað í Mývatnssveit og eru orðin einn
af ómissandi viðkomustöðum ferðamanna.
Jarðböðin er lifandi vinnustaður þar sem öryggi, metnaður
og þjónustulund er höfð í fyrirúmi.*



Jarðböðin við Mývatn óska eftir að ráða til sín næturvörð.

Næturvörður skal sinna næturgæslu, þrifum og fleira sem til fellur.

Áhugasamir skili umsóknum
á pósthfangið friduson@jarbodin.is fyrir 19. febrúar.

*Jarðböðin voru stofnuð árið 2004. Fyrirtækið er einn af stærstu atvinnurekendum
í Mývatnssveit og hjá því munu á næsta sumri starfa hátt í 30 manns.
Jarðböðin reka samnefndan baðstað í Mývatnssveit og eru orðin
einn af ómissandi viðkomustöðum ferðamanna.
Jarðböðin er lifandi vinnustaður þar sem öryggi, metnaður
og þjónustulund er höfð í fyrirúmi.*



Styrkir til lista- og menningarstarfs.



Félags- og menningarmálanefnd Skútustaðahrepps auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki vegna lista- og menningarstarfs.

Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki. Nefndin metur umsóknir með menningarstefnu Skútustaðahrepps að leiðarljósi og leggur fyrir sveitarstjórn tillögur til úthlutunar.

Umsóknareyðublað má nálgast á:

<http://myv.is/eydublod-gjaldskrar-og-samthykkir/>
eða á skrifstofu Skútustaðahrepps.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn og þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnisins og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skila á skrifstofu Skútustaðahrepps bréfleiðis, eða með tölvupósti á: sveitarstjori@myv.is fyrir 17. febrúar n.k.

Nánari upplýsingar varðandi útfyllingu styrkumsókna má nálgast hjá Elísabet í síma: 894 6318.

Félags- og menningarmálanefnd Skútustaðahrepps



Jarðböðin við Mývatn óska eftir að ráða sumarstarfsfólk í afgreiðslu og í Kaffi Kvik.

Störfin fela í sér afgreiðslustörf, útivakt, þrif, símaþjónusta og annað sem til fellur.

Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi gott vald á ensku, bæði í tali og skrifum.

Hæfni í mannlegum samskiptum og lipurð í starfi er nauðsyn.

Reynsla af afgreiðslustörfum, þrifum og samskiptum við ferðaskrifstofur er kostur.

Fyrirspurnir og umsóknir skal senda til framkvæmdastjóra Jarðböðanna á netfangið friduson@jardbodin.is fyrir lok febrúar.

Jarðböðin voru stofnuð árið 2004. Fyrirtækið er einn af stærstu atvinnurekendum í Mývatnssveit og hjá því munu á næsta sumri starfa hátt í 30 manns. Jarðböðin reka samnefndan baðstað í Mývatnssveit og eru orðin einn af ómissandi viðkomustöðum ferðamanna. Jarðböðin er lifandi vinnustaður þar sem öryggi, metnaður og þjónustulund er höfð í fyrirími.

Mýflugan

Kæru lesendur og viðskiptavinir.

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.

Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311

Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.

1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.

1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.



Aðalfundur Mývetnings, Íþrótt- og ungmennafélags



verður haldinn 17. febrúar
kl. 20:30 í Seli.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Veitt verður viðurkenning fyrir góðan árangur. Boðið verður upp á veitingar að fundi loknum.

Einnig viljum við hvetja foreldra til að mæta og ræða framhald íþróttæfinga hjá félaginu. Við viljum að íþróttastarf sé í boði fyrir okkar börn en hvernig eigum við að fara að.

Stjórn Mývetnings,
Ólöf Þuríður, Soffía, Bjössí, Halla og Gatli.